

# Stjórnarfundur LH 24. ágúst 2007

## 8. fundur. Haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Haraldur Þórarinsson, Vilhjálmur Skúlason, Einar Ragnarsson, Marianna Gunnarsdóttir, Oddur Hafsteinsson, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson og Hinrik Már Jónsson. Einnig mætti Regína Gunnarsdóttir af skrifstofu LH.

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð samþykkt með einni nafnabreytingu.

### 2. Formannafundur

Dagsetning 9. nóvember kl 10:00, fundarlok áætluð kl 17:00.

Drög að dagskrá: Skýrslur nefnda – Staða og stefna LH. (Bj. Snæbjörn) – Önnur mál.

### 3. Útgáfumál

Haraldur Þórarinsson kynnti drög að samningi við Fréttablaðið um útgáfu á kálfi með Fréttablaðinu einu sinni í mánuði. Hugmynd um að ráða Jens Einarsson sem ritstjóra og rætt hefur verið við Lárus Dag Pálsson um að koma að málinu.

Hugmyndin að auka sýnileika og slagkraft samtakanna. Fréttablaðið mun hafa 50%-60% auglýsingahlutfall í blaðinu. Í þessu sambandi er hugmynd um að Jens Einarsson verði jafnvel ráðinn til aukinna starfa. Áætlaður kostnaður vegna verkefnisins með ritstjóra eru u.þ.b. 5.000.000,- á ári sem greiðist af LH og LM ehf.

Haraldur Þórarinsson, Vilhjálmur Skúlason, Marianna Gunnarsdóttir og Regína Gunnarsdóttir vinna að málinu og leggja fram nánari hugmyndir um framkvæmdina.

Jens Einarsson mætir á fundinn og lýsir í stuttu máli hugmyndum sínum á útgáfumálum LH. Jens álitur að hér geti verið um verulega sterkan kost að ræða fyrir LH/LM. Tækifæri til þess að ná til þeirra sem ekki eru nú þegar í hestamennsku. Hugmynd að kálfurinn fylgi sunnudagsblaði/þriðjudagsblaði Fréttablaðsins.

### 4. Staða mála.

Regína Gunnarsdóttir fer yfir stöðu mála gagnvart styrktaraðilum. Viðbrögð hafa verið jákvæð og einhverjir nýir styrktarsamningar eru í farvatninu og leggur Regína áheyrslu á að sinna vel þeim sem eru í samstarfi við LH. Bent er á að nauðsynlegt sé að tengja æskuna meira inn í hvert verkefni.

Regína kynnir æskulýðsráðstefnu LH sem verður 6. október og fer yfir drög að dagskrá.

Kynnir uppskeruhátíð á Broadway 10. nóvember, LH nær örlítið hagstæðari samningum. Miðasala hefst 3. september.

### 5. Landsliðsmál

Bjarnleifur Bjarnleifsson mætir á fundinn og fer stuttlega yfir mál landsliðsnefndar og HM 2007. Bjarnleifur telur að vel hafi tekist til, afkoma sé í lagi og árangur betri en nokkru sinni. Lætur vel af samvinnu við styrktaraðila og þakkar það að hluta beinum útsendingum. Söfnun liðsins gekk óvenju vel og þakkar skrifstofu fyrir gott samstarf. Bjarnleifur bendir á að nota megi landsliðið til þess að sinna betur samstarfsaðilum í tengslum við uppskeruhátíð hestamanna.

Bjarnleifur talar í framhaldi af umræðum um landsliðsmálefni um þarfir hestamanna í þéttbýli og hvort LH vilji beita sér fyrir málþingi með sveitastjórnarmönnum um þessar þarfir og einnig tengja það öryggismálum hestamanna.

## 6. Önnur mál

- a. Umræður um **mótafeng og Kappa** og þau vandkvæði sem upp hafa komið og hver er til ráða. Nauðsynlegt að óska eftir viðræðum við Bændasamtök Íslands um málið.
- b. **Menntamál** – Haraldur fer yfir fund með LBHÍ og FSU og hvar staða menntamála LH sé. Haraldur og Vilhjálmur munu vinna málið áfram.
- c. Frakkarnir eru væntanlegir 28. ágúst og hefur skrifstofan séð um málið með Tómasi Inga Olrich, sendherra í París.
- d. Landsmót ehf. óskar eftir tilnefningu í mótsstjórn Landsmóts 2008. Eftir miklar umræður um málið og hugmyndir formanns LM ehf um tilnefningar í mótsstjórn þar sem fram kom veruleg andstaða við þær hugmyndir, var ákveðið að skipa Sigurð Ævarsson í nefndina. Stjórnarmenn vilja að Lárus Dagur Pálsson komi á fund og skýri betur sýnar hugmyndir.
- e. Umræður um dýralæknisskoðanir á HM og hvar vald til reglugerðarsetningar liggur. Nauðsynlegt að taka þessa umræðu og skýra málið.
- f. Óskað er eftir því að upplýsingaflæði innan stjórnar verði bætt, sérstaklega hvað varðar opinberar athafnir og uppákomur sem LH kemur að.

Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 7. september kl 14:30. Fundi slitið 16:26.

*Fleira ekki fært til bókar  
Fundarritari: Einar Ragnarsson*